

Greiðsluafkoma ríkissjóðs febrúar 2009

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tvo mánuði ársins liggur nú fyrir. Þar sem uppgjórið nær aðeins til tveggja mánaða er samanburður við fyrra ár háður ákveðinni óvissu vegna tilfærslu greiðslna milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Þetta getur valdið sveiflum í einstaka liðum.

Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri jákvætt um 12,1 ma.kr., sem er 22,9 milljörðum lakari útkoma en á sama tímabili í fyrra. Tekjur reyndust um 6,0 milljörðum lægri en í fyrra á meðan að gjöldin hækka um 20,2 milljarða.

Sjóðstreymi ríkissjóðs febrúar 2005-2009

	Í milljónum króna				
	2005	2006	2007	2008	2009
Innheimtar tekjur	60.718	72.244	87.597	96.555	90.587
Greidd gjöld	47.897	47.897	56.895	60.274	80.450
Tekjujöfnuður	12.821	22.277	30.702	36.281	10.136
Sóluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-	-	-	-	-
Breyting viðskiptahreyfinga	1.117	1.084	-570	-1.302	1.917
Handbært fé frá rekstri	13.938	23.361	30.133	34.979	12.053
Fjármunahreyfingar	4.011	-2.469	-31.733	-2.312	-2.279
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	17.948	20.892	-1.601	32.668	9.774
Afborganir lána	-11.215	-8.064	-20.583	-808	-1.327
Innanlands	-2.216	-8.058	-20.583	-704	-1.327
Erlendis	-9.000	-6	-	-104	0
Greiðslur til LSR og LH	-500	-660	-660	-660	0
Lánsfjárfjöfnuður, brúttó	6.233	12.168	-22.844	31.201	8.447
Lántökur	1.016	1.532	38.519	2.327	32.389
Innanlands	-3.931	1.532	38.519	2.327	32.684
Erlendis	4.947	-	-	-	-295
Breyting á handbæru fé	7.249	13.700	15.676	33.529	40.836

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu tveimur mánuðum ársins voru tæplega 91 ma.kr. samanborið við tæplega 97 ma.kr. á sama tíma árið 2008. Samdrátturinn er því um 6 ma.kr. eða 6,2% að nafnvirði. Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu um 96 ma.kr. og er frávikið því um 5 ma.kr. Munar þar mest um lægri skatta á vöru og þjónustu en gert var ráð fyrir í áætluninni. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 85 ma.kr. og drógust saman um 6,7% að nafnvirði og um 23% að raunvirði miðað við hækkun almenns verðlags (VNV án húsnæðis). Samdrátturinn að raunvirði milli ára hefur aukist hratt síðustu mánuði

og er nú 29,2% þegar horft er á 4 mánaða meðaltal. Þá jukust aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs á fyrstu tveimur mánuðum ársins um 4,1% frá sama tíma 2008 en þær eru einkum vaxtatekjur og tekjur af sölu á vöru og þjónustu.

Skattar á tekjur og hagnað námu 46 ma.kr. sem er aukning um milljarð frá sama tíma árið 2008 eða 2,2% aukning að nafnvirði. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga rúmlega 15 ma.kr. og dróst saman um 1,5% að nafnvirði. Tekjuskattur lögaðila nam 2 ma.kr. sem er samdráttur upp á 26,9% frá sama tíma árið áður. Fjármagnstekjuskattur nam tæplega 29 ma.kr. og jókst um 7,6% á milli ára en innheimta hans fer að langmestu leyti fram í janúar hvert ár. Stór hluti innheimts fjármagnstekjuskatts janúarmánaðar gengur þó til baka síðar á árinu, upp í álagðan tekjuskatt lögaðila. Innheimta eignarskatta var um 0,8 ma.kr. og dróst saman um 49,6%, þar af námu stimpilgjöld 0,5 ma.kr. og drógust þau saman um 60,6% frá fyrra ári.

Innheimta almennra veltuskatta nam 30 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins og dróst saman um tæplega 6 ma.kr. frá sama tíma í fyrra eða um 30,5% að raunvirði (m.v. hækkun VNV án húsnæðis). Þá er raunlækkunin á milli ára mjög mikil þegar litið er á 4 mánaða meðaltal eða 34,4% (sjá mynd). Virðisaukaskattur, sem er stærsti hluti veltuskattanna, nam um 22 ma.kr. samanborið við 25 ma.kr. á sama tíma árið 2008. Það er samdráttur upp á 11,3% að nafnvirði og 26,8% að raunvirði. Virðisaukaskattur í febrúarmánuði einum dróst saman um 4,7% frá sama mánuði í fyrra en hann kemur af smásölu fyrir mánuðina nóvember og desember. Af öðrum helstu liðum veltutengdra skatta er einna mestur samdráttur í vörugjöldum af ökutækjum eða 91,9%. Hann endurspeglast í samdrætti í nýskráningum bifreiða, sem hefur farið stigvaxandi frá miðju ári 2008 og var um 90% á fyrstu tveimur mánuðum ársins. Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum námu rúmum milljarði króna og tekjur af tryggingagjöldum voru ríflega 6 ma.kr. sem er samdráttur um annars vegar 7,4% og hins vegar 8,4% á milli ára.



Greidd gjöld nema 80,5 ma.kr. og hækka um 20,2 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 33,5%. Milli ára hækka útgjöld mest til almennrar opinberrar þjónustu eða um 8,1 ma.kr., þar sem vaxtagreiðslur ríkissjóðs skýra 6,2 ma.kr. Þá hækka útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála um 6,3 ma.kr. sem skýrist að mestu með 3,2 ma.kr. hækkun útgjalda atvinnuleysistryggingasjóðs og 1,3 ma.kr. vegna útgjalda lífeyristrygginga. Útgjöld til heilbrigðismála aukast um 2,2 ma.kr. milli ára þar sem útgjöld til sjúkratrygginga skýra 1,5 ma.kr. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála aukast um 2,3 ma.kr. og skýrist það að mestu með framkvæmdum Vegagerðarinnar sem aukast um 1,2 ma.kr. milli ára. Útgjöld til menntamála aukast um 1,1 ma.kr. þar sem útgjöld til Lánasjóðs íslenskra námsmanna aukast um 500 m.kr. milli ára. Breytingar í öðrum málaflokkum eru minni en þau sem áður hafa verið talin. Útgjöldin eru 1,8 ma.kr. innan áætlunar og skýrist það að mestu af því að framkvæmdir í samgöngumálum og annarri fjárfestingu fara hægar af stað en gert hafði verið ráð fyrir.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs er jákvæður um 8,4 ma.kr. í febrúar á móti 31,2 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöfnuður nam 9,8 ma.kr. og lækkar um 22,9 ma.kr. milli ára sem skýrist með lækkun á handbæru fé frá rekstri. Frá áramótum hefur ríkissjóður selt ríkisbréf fyrir um 29,2 ma.kr. og hækkað stofn ríkisvixla um 3,5 ma.kr. umfram innlausn. Á móti námu afborganir 1,3 ma.kr. sem skiptist jafnt á milli spariskírteina og annarra lána ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs febrúar 2007-2009

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2007	2008	2009	2007	2008	2009
Skatttekjur og tryggingagjöld	82.517	91.056	84.983	20,4	10,3	-6,7
Skattar á tekjur og hagnað	39.781	45.216	46.205	19,7	13,7	2,2
Tekjuskattur einstaklinga	15.537	15.741	15.498	15,9	1,3	-1,5
Tekjuskattur lögaðila	3.280	2.954	2.160	-45,0	-9,9	-26,9
Skattur á fjármagnstekjur	20.964	26.521	28.547	51,3	26,5	7,6
Eignarskattar	1.703	1.655	833	-15,5	-2,9	-49,6
Skattar á vöru og þjónustu	33.511	35.809	30.144	24,2	6,9	-15,8
Virðisaukaskattur	24.718	25.084	22.260	36,3	1,5	-11,3
Vörugjöld af ökutækjum	1.063	2.472	201	-34,3	132,5	-91,9
Vörugjöld af bensíni	1.331	1.391	1.489	-7,7	4,5	7,0
Skattar á olíu	1.320	1.403	1.162	14,4	6,3	-17,1
Áfengisgjald og tóbaksgjald	1.764	1.776	1.853	6,5	0,7	4,4
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	3.316	3.684	3.179	11,6	11,1	-13,7
Tollar og aðflutningsgjöld	779	1.158	1.072	115,4	48,7	-7,4
Aðrir skattar	170	322	409	52,0	89,3	26,8
Tryggingagjöld	6.572	6.896	6.319	12,2	4,9	-8,4
Fjárframlög	95	17	20	-14,7	-81,9	14,1
Aðrar tekjur	4.671	5.364	5.583	30,8	14,9	4,1
Sala eigna	314	117	1	-	-	1,0
Tekjur alls	87.597	96.555	90.587	21,3	10,2	-6,2

Gjöld ríkissjóðs febrúar 2007-2009

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2007	2008	2009	2008	2009
Almenn opinber þjónusta	6.184	6.833	14.894	10,5	118,0
þar af vaxtagreiðslur	912	788	7.012	-13,6	789,8
Varnarmál	105	244	205	132,6	-16,1
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	2.520	2.664	2.768	5,7	3,9
Efnahags- og atvinnumál	7.288	6.840	9.151	-6,1	33,8
Umhverfisvernd	591	596	418	0,8	-29,9
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	80	88	26	10,6	-70,2
Heilbrigðismál	14.261	15.637	17.853	9,7	14,2
Menningar- íþróttá- og trúmál	3.114	3.355	3.304	7,7	-1,5
Menntamál	7.823	9.049	10.185	15,7	12,6
Almannatryggingar og velferðarmál	13.404	13.728	20.061	2,4	46,1
Óregluleg útgjöld	1.143	1.240	1.585	8,5	27,8
Gjöld alls	56.514	60.274	80.450	6,7	33,5